




Fiskeldi - mikilvægur vaxtarbroddur í útflutningi

Fiskeldi hefur verið einn af stærstu og mikilvægustu vaxtarbroddum í vöruútflutningi á síðustu árum. Sé litið til vöruútflutnings frá landinu án hefðbundins sjávarútvegs, stóriðju og annarra vara sem áður hafa verið fluttar inn í landið eins og olíu, skipa, flugvéla og bíla nam hann 89,5 ma.kr. á síðasta ári og hafði aukist um 18,5 ma.kr. frá árinu 2008 reiknað á föstu gengi. Rúman fjórðung þessara aukningar má rekja til aukningar í útflutningsverðmæti afurða úr fiskeldi. Á síðasta ári nam útflutningur á eldisfiski 7 ma.kr. og hafði aukist úr 1,9 ma.kr. árið 2008 á gengi hvors árs. Aukningin nemur 280%. Aukningin að magni til nemur 158% sem er nokkuð minna og skýrist mismunurinn að tölverðu leyti af veikingu krónunnar á þessu tímabili.


Framleiðslan liggur fyrst og fremst í laxi og silungi

Útflutningur fiskeldis kemur nær allur til vegna silungs og lax. Þannig nam útflutningur þessara tveggja vara um 98% af útflutningi fiskeldis á síðasta ári. Einungis 2% komu frá beitarfiski, eldisþorski og eldislúðu.

Lengi vel hafði laxinn vinninginn á silunginn og var útflutningur á laxi sem hlutfall af heildarútflutningi lax og silungs vaxandi frá aldamótum og allt til ársins 2006. Hlutfall lax var 67% um aldamótin og óx með nokkuð stöðugum hætti upp í 89% árið 2006. Á tímabilinu féll útflutningur á laxi úr 4.400 tonnum niður í 706 tonn og má rekja þann samdrátt að miklu leyti til styrkingar krónunnar en auk þess var verð á laxi fremur lágt á þessu tímabili. Á sama tíma jókst útflutningur á silungi hins vegar verulega og fór hlutfall laxins niður í 37% árið 2007 og 12% 2008. Hlutfallið hefur síðan leitað upp á við og var 39% árið 2015. Á tímabilinu sem liðið er frá aldamótum hafa því sveiflur í framleiðslu á laxi verið töluvert meiri en sveiflur í silungi. Þannig var framleiðsla á laxi í fyrra einungis helmingurinn af meðalframleiðslu árinna 2004-2006 en tvöfalt meiri en framleiðslan á fyrstu árunum eftir aldamót. Framleiðsla á silungi var lengi vel stöðug fram til



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



ársins 2007 þegar hún tók stökk og hefur verið samfelld aukning milli ára allar götur síðan.

Bandaríkin eru langstærsti markaðurinn

Langstærsti kaupandinn af framleiðslu íslensks fiskeldis síðustu ár eru Bandaríkin. Þau keyptu 44% af allri lax- og silungsframleiðslu íslenskra fiskeldisfyrirtækja milli 2013-2015. Aðrir stórir markaðir eru Bretland, Þýskaland, Færeyjar og Frakkland en samanlagt hafa þessu fimm lönd keypt um þrjá fjórðu alls fiskeldisútflutnings síðustu þrjú ár. Sum þessara landa kaupa þó nær eingöngu lax eða eingöngu silung.

Á bilinu 95-98% af því sem Bretar og Þjóðverjar kaupa er silungur en á móti kaupa Færeyingar nær einungis lax. Rétt rúmlega helmingur þess sem Bandaríkjamenn kaupa er lax.

Fleiri markaðir opnast

Fleiri markaðir hafa verið að opnast fyrir íslenskt fiskeldi á síðustu árum. Árið 2013 var íslenskur eldisfiskur fluttur út til 23 landa en árið 2015 voru löndin orðin 28 talsins. Nokkrir smærri markaðir hafa verið að stækka töluvert hratt á síðustu árum. Næststærsti kaupandinn að íslensku fiskeldi, Færeyjar, jók kaup sín á eldisfiski úr 36 tonnum árið 2013 og upp í 800 tonn árið 2015. Á milli sömu ára juku Frakkar kaup sín um 280 tonn og Rússar um 200 tonn en útflutningur var enginn þangað árið 2013.


Styrking krónunnar hefur neikvæð áhrif á íslenskt fiskeldi

Styrking krónunnar virðist ekki hafa stöðvað áform fiskeldisfyrirtækja um aukna framleiðslu á þessu og næsta ári. Þessi rekstur hefur þó verið töluvert næmur fyrir gengisbreytingum sé litið aftur í tímann. Þannig dróst framleiðsla á eldislaxi verulega saman milli árunna 2004 og 2005 og var styrkingu krónunnar árin á undan þá kennt um.

Pundið lækkar mikið í kjölfar Brexit


Ákvörðun almennings í Bretlandi að segja skilið við Evrópusambandið hefur haft töluverð áhrif á breska pundið sem hefur gefið mikið eftir gagnvart öðrum gjaldmiðlum og þ.m.t. íslensku krónunni. Bretar hafa keypt um 18% af heildarframleiðslu silungs hér á landi á síðustu árum og því mun veiking pundsins líklega hafa nokkur áhrif á íslensk fiskeldisfyrirtæki.

Stærstu kaupendur að íslenskum eldisfiski



Árin 2013-2015
Heimild: Hagstofa Íslands


Aukning í sölu fiskeldis



Breyting milli 2013 og 2015

Comment [AS1]: Mynd: Grennri lína?

Gengi breska pundsins



Heimild: Seðlabanki Íslands




Pundið hefur verið í veikingarfasa síðustu mánuði og var meðalgengi pundsins það sem af er október 145 kr. sem er 28% veikara gengi en var að meðaltali á síðasta ári.

Krónan styrkist gagnvart öllu nema Jeni

Krónan hefur styrkst gagnvart myntum flestra helstu viðskiptalanda okkar á árinu. Þannig höfðu allar helstu viðskiptamyntir lækkað um á bilinu 13% til 28% miðað við meðalgengi krónunnar nú í október og meðalgengi alls síðasta árs. Helsta undantekningin frá þessu er japanska jenið sem hefur hækkað um 2% milli sömu tímabila.

Bandaríkjadalur hefur veikt um 13,6% gagnvart krónunni sem er lítillega meira en evran hefur gert en hún hefur tapað 12,6% af verðgildi sínu gagnvart krónunni á milli þessara tímabila.

Gjaldmiðlahreyfingar



Sýnir breytingu viðkomandi gjaldmiðils gagnvart íslensku krónunni. Meðalgengi nú í október borið saman við meðaltal alls síðasta árs

Heimild: Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.